



Starfsáætlun

Barnaskóla Hjallastefnunnar

2015-2016



Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Hagnýtar upplýsingar.....	5
Skrifstofuþjónusta.....	5
Aðgengi aðskóla.....	5
Forföll nemenda.....	5
Leyfi frá skóla.....	5
Öryggi nemnda.....	5
Rýmingaráætlun.....	5
Mötuneyti.....	6
Stjórnun og starfsfólk Barnaskólans.....	7
Starfsfólk Barnaskólans.....	7
Skipurit.....	8
Skólaráð.....	10
Skólaárið og skóladagatal.....	10
Viðburðir í skólastarfinu.....	11
Skólasetning	11
Lýðræðisfundir	11
Söngfundur.....	10
Opnar vikur	11
Vettvangsferðir.....	11
Útikennsla og útinám.....	11
Jólabasar	12
Menningarferðir í desember	12
Leikhús í tösku.....	12
Öskudagur	12
Vorferðir.....	12
Vináttuverkefni.....	13
Skil milli skóla.....	13
Hátíðarstund fyrir 9 ára	13
Skólaslit.....	13
Vorhátíð.....	13

Nemendur.....	14
Skóladagur nemenda.....	14
Skólareglur.....	14
Upplýsingar um nemendur.....	15
Viðmiðunarstundatafla.....	16
Nemendafélag.....	17
Félags- og tómstundastarf.....	17
Fjölskyldumorgnarnar.....	17
Kjarnakvöld.....	17
Ýmsir viðburðir.....	17
Frístund.....	17
Afmæli.....	18
Vorverk.....	18
Foreldrar og fjölskyldur.....	18
Miðlun upplýsinga til foreldra.....	18
Foreldrasamstarf.....	18
Haustfundir.....	19
Fjölskylduviðtöl.....	19
Foreldrafélag.....	19
Stoðþjónusta.....	20
Heilsugæsla og nemendavernd.....	21
Fyrirkomulag sérkennslu.....	20
Námsráðgjöf.....	22
Sálfræðiþjónusta.....	22
Talkennsla.....	23
Túlkunþjónusta.....	23
Mat á skólastarfi.....	23
Innra mat.....	23
Ytra mat.....	24
Skólaþróun.....	24
Símenntunaráætlun.....	25

Inngangur

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaár. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Barnaskólans fyrir skólaárið 2015-2016 nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá á heimasíðu skólans <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Hagnýtar upplýsingar

Barnaskóli Hjallastefnunnar Vífilstöðum

Vífilstaðarvegi 123

Garðabæ

Símanúmer skólans: 555-7710

Skólastjóri Ragnhildur: 693-1973

Meðstjórnandi Lovísa Lind: 869-5984

Skólafreyja Margrét : 869-4970

Netfang: barnaskolinn@hjalli.is

Heimasíða: <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Skrifstofufþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00-16:00 alla virka daga.

Aðgengi að skóla

Skólinn er staðsettur við Vífilstaðaveg 123. Skólahúsin eru þrjú, Vesturhús, Suðurhús og Norðurhús. Í Vesturhúsi eru 5 og 6 ára nemendur og í Suðurhúsi eru 7, 8 og 9 ára nemendur. Í Norðurhúsi er myndmenntastofa fyrir nemendur, samverurými og undirbúningsrými fyrir starfsfólk. Þar sem skólinn er ekki staðsettur í byggð er boðið upp á skólabíl frá leikskólanum Ásum. Göngustígur að skólanum er ekki upplýstur og því hafa börnin einungis hjólað þegar birta tekur.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags í síma 5557710 eða á netfangið barnaskolinngbr@hjalli.is

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við viðkomandi kjarnakennara, en sé um lengri tíma að ræða en þrjá daga skal sækja um það hjá skólastjóra. Einnig er hægt að sækja um leyfi með tölvupósti á netfang skólans. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

Öryggi nemenda

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldurs, óveðurs, eða náttúruhamfara er unnkð samkvæmt áætlun almannavarna. Áætlunin er kynnt reglulega og er aðgengileg á vef skólans og Garðabæjar: <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er í gildi og hangir uppi í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega og haldin rýmingaræfing. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þurfa þykir. Sjá nánar á: <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Mötuneyti

Barnaskólinn vill vera í forgrunni með því að taka stór skref í þá átt að tryggja að sú fæða sem börnin nærast á í skólanum sé eins heilsusamleg og kostur er. Eldhús skólans er fullbúið til framleiðslu og því stýrir meistarakokkur. Á heimasíðu skólans má finna í hverri viku matseðil hverju sinni:

<http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Stjórnun og starfsfólk Barnaskólans


Starfsfólk Barnaskólans

Við skólann starfa 38 starfsmenn þar af eru 14 kennarar sem sinna kennslu og 24 sem sinna öðrum störfum s.s. skólastýra, fagstýra, stuðningsfulltrúar, skólafreyja og kokkur.

Nafn	Starfssvið	Netfang
Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir	Skólasálfræðingur	aldis@hjalli.is
Ása Jónsdóttir	Kennari	asaj@hjalli.is
Birute Skibickiene	Stjoðþjónusta	birute@hjalli.is
Bryndís Hrönn Gunnarsdóttir	Kennari	bryndis@hjalli.is
Eva Lind Ingadóttir	Kennari	evalind@hjalli.is
Fanndís Eva Friðriksdóttir	Stuðningur	fanndis@hjalli.is
Fatima Hossani	Frístund	fatima@hjalli.is
Fanndís Eva Kristjánsdóttir	Frístund	fanndiseva@hjalli.is
Guðrún Sigríður Pálsdóttir	Kennari	gunnasigga@hjalli.is
Harpa Dögg Þorsteinsdóttir	stuðningur	harpadogg@hjalli.is
Heiða Viðarsdóttir	Leiðbeinandi	heida@hjalli.is
Helga Kristín Hjarðar	Kennari	helgahjardar@hjalli.is
Helga Kristjánsdóttir	Kennari	helgagr@hjalli.is
Hilmar Örn Þorkelsson	leiðbeinandi	hilmar@hjalli.is
Hildur Björk Guðmundsdóttir	Kennari	hildurb@hjalli.is
Hrefna Sigvaldsdóttir	Leiðbeinandi	hrefnab@hjalli.is
Hrefna Mjöll Þórisdóttir	Frístund	hrefnamjoll@hjalli.is
Inga Elínborg Bergþórsdóttir	Yfirþjálf	ingael@hjalli.is
Inga Vala Jónsdóttir	Kennari	ingav@hjalli.is
Jóna Magnúsdóttir	Stoðþjónusta	jona@hjalli.is
Kolbrún Arnardóttir	Leiðbeinandi	kolla@hjalli.is
Lena María Árnadóttir	Frístund	lenamaria@hjalli.is
Lovísa Lind Sigurjónsdóttir	Fagstýra	lovisalind@hjalli.is
Margrét Lilja Guðmundsdóttir	Skólafreyja	margretlilja@hjalli.is
Ragnhildur Ólafsdóttir	Skólastýra	ragga@hjalli.is

Rakel Lúðvíksdóttir	Kennari	rakell@hjalli.is
Sif Beckers	Myndmenntakennari	sif@hjalli.is
Sigríður Ósk Reynaldsdóttir	kennari	osk@hjalli.is
Sigurbjörg Vilmundardóttir	Kennari	sigurbjorg@hjalli.is
Sigurjón Ívarsson	matráður	sigurjon@hjalli.is
Sigurlaug Stefánsdóttir	Kennari	silla@hjalli.is
Sólveig Helga Hákonardóttir	Kennari	solveig@hjalli.is
Svava Böðvarsdóttir	Leiðbeinandi	svava@hjalli.is
Þórður Guðsteinn Pétursson	Íþróttfræðingur	thordur@hjalli.is
Þórunn Þórðardóttir	Stoðþjónusta	thorunn@hjalli.is

Skipurit



Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. lögum nr. 91, 8. gr.) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað nú einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs er að finna á <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Skólaárið 2015-2016 sitja eftirtaldir í skólaráði:

Fulltrúar foreldra: Atli Freyr Guðmundsson og Sveinn Hannesson

Fulltrúar kennara: Sigurbjörg Vilmundardóttir og Drífa Lind Harðardóttir

Fulltrúar grenndarsamfélags: Erna Káradóttir

Fulltrúar annarra starfsmannan: Soffía Júlía Svavarsdóttir

Fulltrúar barna: stúlka og drengur af 12 ára kjarna

Skólastjórar: Ragnhildur Ólafsdóttir og Þorgerður Anna Arnarsdóttir

Skólárið og skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 180. Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 5. janúar. Vetrarleyfi er 15. til og með 19. febrúar og páskaeyfi er 21. mars til og með 28. mars. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 11. september, 28. október, 4. Janúar og 15. febrúar og 17. maí. Skipulagsdagar fimm ára barna eru 11. september, 28. október, frá kl. 13.00 4. janúar og 17. maí. <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Viðburðir í skólastarfinu

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum sem auðga og styrkja skólastarfið okkar.

Skólasetning

Allir nemendur fara inn á sína kjarna með fjölskyldum sínum og hitta kjarnakennara sína og farið er yfir það helsta í skólastarfinu.

Lýðræðisfundir

Hver kjarni heldur lýðræðisfund á 4 vikna fresti með kennara sínum. Þar fá börnin okkar tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Þá ræða þau við kennara sína hvernig þeim líður í skólanum, hvað það er sem er jákvætt í skólanum og hvort það er eitthvað sem þau vilja bæta eða hafa öðruvísi. Það er mikilvægt fyrir skólann að börnin okkar upplifi að þau hafi rödd, á þau sé hlustað og þau upplifi að þau geti haft áhrif. Lýðræðisnefnd skólans vinnur úr niðurstöðum úr skráningum kjarnakennara.

Föstudagssöngfundir

Á hverjum föstudegi eru söngfundir. Þar koma saman árgangar á sal skólans með ýmsar uppákomur, allt frá því að syngja til hinna ýmsu áskoranna og leikrita. Kjarnarnir skiptast á að sjá um söngfundina.

Opnar vikur

Eftir hverja lotu þ.e. á fjögurra vikna fresti eru opnar vikur og óhefbundið skólastarf þar sem öllu hefðbundnu skólastarfi er stokkað upp. Þá fara nemendur í heimilisfræði, kraftþjálfun, tálgun, textíl, origami/kirigami og fl. Þetta uppbrot á skólastarfinu gefst afar vel. Vikurnar eru fjölbreyttar, kraftmiklar og einkennast af gleði og samvinnu bæði hjá börnum og kennurum.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru tengdar námsefni skólans og farið á skólatíma. Vettvangsferðir eru ýmist í nágrenni skólans og lengra í burtu. Þær eru ýmist farnar með rútu, strætó, hjólað eða gengið eftir því hvert er haldið. Foreldrar ávalt velkomnir með.

Útikennsla og útinám

Hver kjarni á fastan útikennslutíma í viku. Þar erum við með útikennslukennara sem leiðir kjarnana áfram í þekkingarleit sinni í stórfengri náttúru sem Vífilstaðir hafa að geyma. Unnið er með skapandi náttúrulegan efnivið þvert á allar námsgreinar.

Jólabasar

Á hverju ári er haldinn jólabasar á vegum foreldrafélagsins þar sem börn selja t.d. jólakort sem þau hafa búið til, jólaskraut, kökur ofl. Þetta er gert til að efla fjár til vorferða en öll börn fara í þriggja til fimm daga vorferð með skólanum.

Menningarferðir í desember

Öll börn og kennarar fara í menningarferð til Reykjavíkur, Hafnafjarðar og þau yngstu halda til í Garðabæ. Farið er í leikhús og svo á kaffihús.

Leikhús í tösku

Árleg jólahefð hefur skapast síðustu ár fyrir því að Þórdís Arnljótsdóttir sýnir leikritið um gömlu jólasveinana.

Öskudagur

Á öskudag er búningadagur, óhefðbundinn skóladagur en þó ekki skertur. Börn syngja fyrir aðra kjarna og fá sælgæti sem skólinn gefur. Börn og kennarar setja upp stöðvar t.a.m. draugahús, söngstöð, diskó, spilastöð ofl. Öll börn fá tækifæri til að fara á allar stöðvar og eiga skemmitilegan dag.

Vorferð

Allir árgangar fara í tveggja náttu vorferðir sem börn og fjölskyldur hafa safnað fyrir yfir veturinn. Í þessum ferðum fer meira og minna allt starfsfólk skólans og vert er að geta þess að öll yfvinna starfsfólks er gefin í þessum ferðum. Á komandi skólaári heimsækjum við eftirtalda staði en þessir staðir eru nú orðnir fastir í sessi fyrir vorferðirnar okkar góðu.

5 ára – Vatnaskógur

6 ára – Vindáshlíð

7 ára – Vatnaskógur

8 ára – Vindáshlíð

9 ára – Laugar í Sælingsdal

Þessar ferðir eru virkilega fræðandi og gefa börnum mikla innistæðu í reynslubankann. Styrkja vináttu og auka svo um munar áræðni og sjálfstæði barna, fyrir utan allt það nám sem á sér stað bæði um landið okkar og sögu þess.

Vináttuverkefni

Til þess að brúa bilið á milli yngsta stig og miðstigs býður Vífilsskóli 9 ára börnum úr Barnaskólanum í heimsókn á vorönn til að skoða skólann. Einnig vinna þau samvinnuverkefni með 10 ára börnum þar sem þau kynna sér staðalmyndir kynjanna og jafnrétti. Þar fá þau þjálfun í sköpun, framkomu, samvinnu og upplýsingatækni. Þessari vinnu verður viðhaldið næsta skólaár þó gefið hafi verið út að þetta sé síðasta starfsár Vífilsskóla.

Skil milli skóla

Samvinna milli grunnskóla er mikilvægur þáttur. Markviss samvinna er á milli Barnaskólans og Vífilsskóla á vorönn til að tengja skólastigin saman. Þegar börn fara frá Barnaskólanum eru haldnir skilafundir með þeim skólum sem börnin eru að fara í með sérkennslufulltrúa og farið yfir einstök mál. Fimm ára nemendur frá Ásum brúa bilið milli skólastiga á skipulegan hátt með reglulegum heimsóknum á vorönn. Þar kynnast þau m.a. nánasta umhverfi og fara í hópátíma með verðandi sex ára nemendum.

Hátíðarstund fyrir 9 ára

Daginn fyrir skólaslit er haldin hátíðarstund fyrir 9 ára þar sem börnin bjóða fjölskyldum sínum að koma og sjá lokaverkefni sem þau hafa unnið að. Skólinn afhendir börnunum útskriftargjöf og bjóða upp á léttar veitingar. Börnin sjá um að hafa nokkur vel valin skemmtiatriði.

Skólaslit

Við skólaslit mæta foreldrar kl. 13:00 inn á kjarna hjá barninu sínu og fer hópurinn saman á stað í nágrenni skólans og fá afhendan vitnisburð. Eftir það er vorhátíð foreldrafélagsins þar sem börn og fjölskyldur þeirra eiga góða stund saman.

Vorhátíð

Foreldrafélagið heldur vorhátíð eftir skólaslitin þar koma börn og fjölskyldur saman og eiga góða stund. Þar eru t.d. grillaðar pylsur, hoppukastalar, krakkahestar, andlitsmálning og ýmis skemmtiatriði.

Nemendur

Skóladagur nemenda

Skólastarf í Barnaskólanum hefst kl. 8:45 hjá öllum árgöngum til 14.15. Þá tekur við síðdegisstarf fyrir þau börn sem það kjósa.

Fimm ára börn eru að vonum leikskólabörn en skólatíminn er mótaður í sama farveg og hjá grunnskólabörnum og því er óskað eftir að þau séu mætt í hús eigi síðar en 8:45 og að þau ljúki ekki sínum degi fyrr en eftir 14:15.

Nemendur fá tvær 60 mínútna valstundir þar sem hver og einn velur á valfundi hvort frjálsum tíma er varið í annars vegar útiveru að hluta og hins vegar inniveru á valsvæðum sem börn velja sér eftir áhugasviði hvers og eins. Valstundir koma í staðinn fyrir hefðbundnar frímínútur sem eru ekki í Hjallastefnuskólum. Hádegishlé og næðisstund eru í klukkustund. Öll börn eru í mataráskrift en heitur matur er framreiddur inn á kjarna hvers hóps. Heitur matur er eldaður í eldhúsi skólans. Í stað frímínútna eru fyrrgreindar valstundir.

Sundkennsla 6 til 9 ára barna fer fram í kennslulauginni í Álftaneslauginni og Mýrinni. Sundkennsla er einu sinni í viku fyrir 6 – 9 ára. Íþróttir hjá 8 og 9 ára nemendum verðum einu sinni í viku í Ásgarði og einu sinni í viku verða úti íþróttir. 6 og 7 ára nemendur munu vera í útiþróttum tvisvar sinnum í viku og í opnum vikum í inni íþróttum í Ásgarði. Fimm ára nemendur munu vera í skipulagðri hreyfingu í hverri viku og í íþróttahúsi í opnum vikum.

Íþróttir eru kenndar á skólatíma og er hreystipjálfun og líkamsrækt iðkuð mikið utandyra. Ýmsar íþróttagreinar eru kynntar á ólíkum stöðum. Jóga er kennt í smiðjum og kraftþjálfun í opnum vikum. Sundkennsla fyrir 5 ára börn er valfrjáls fyrir foreldra í júní en þá er boðið upp á námskeið í samvinnu við Sunddeild Stjörnunnar og kennari fylgir börnunum í sundið.

Skólareglur

Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Skólareglur Barnaskólans taka mið af meginreglum Hjallastefnunnar þar sem virðing, jákvæðni og samvinna eru meginstefin. Skólareglur ná því til als skólasamfélagsins þar sem börn, foreldrar og

kennarar skuldbinda sig vinnulagi meginreglna Hjallastefnunnar í einu og öllu. Sjá meginreglur í skólanámskrá á vef skólans: <http://www.hjalli.is/barnaskolinn>

Upplýsingar um nemendur

Skólaárið 2015-2016 er áætlaður nemendafjöldi í skólanum 146 nemendur, 73 stúlkur og 73 drengir.

Yfirlit yfir kjarna, fjölda stúlkna, drengja og umsjónarkennara

Aldur	♀	♂	Alls	Kjarnaumsjón
5 ára	15	25	40	4 kennarar
6 ára	18	12	30	3 kennarar
7 ára	17	12	29	4 kennarar
8 ára	12	16	28	2 kennarar
9 ára	11	8	19	2 kennarar
samtals	73	73	146	

Tilhögun kennslu

Útfærsla viðmiðunarstundaskrár

Námsgrein/kjarni	6 ára	7 ára	8 ára	9 ára
Íslenska	280	280	280	280
Stærðfræði	200	200	200	200
Erlend tungumál; enska	60	60	80	80
List- og verkgreinar*	200	200	200	200
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	150	150	150	150
Upplýsinga-og tæknimennt	30	30	50	50
Náttúrgreinar	105	105	105	105
Skólaíþróttir	120	120	120	120
Annað	55	55	15	15
Samtals vikulegar mínútur	1200	1200	1200	1200
(viðmið aðalnámskrár)	(1200)	(1200)	(1200)	(1200)

List- og verkgreinar (myndlist, smíði, leiklist, tónlist, origami/kirigami, heimilisfræði og textílmenn) eru kenndar með föstum tímum í dagskipulagi allt skólaárið, vikuverkefnum og smiðjum. Tónlist er kennd í lotum af tónlistarkennurunum Hildi Guðnýu Þórhallsdóttur og Þórdísar Heiðu

Námsvísar – kennsluáætlanir <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/skolastarfid/kennsluaetlanir>

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfrækja nemendafélag í öllum grunnskólum. Öll börnin í Barnaskólanum eru aðilar að nemendafélagi skólans. Þeirra hlutverk er að sameinast um málefni er lúta að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Fundað er að jafnaði í tvisvar á önn en áður hafa farið fram kjarnafundir þar sem sameinast er um málefni.

Félags- og tómstundastarf

Fjölskyldumorgnarnar

Á hverri önn bjóða börn fjölskyldum sínum í morgunkaffi í skólann þar sem börnin sýna og kynna vel valin verkefni.

Kjarnakvöld

Kjarnakvöld eru haldin einu sinni á hvorri önn hjá öllum hópum. Þar halda foreldrar utan um dagskrá og standa fyrir notalegri samverustund þar sem hópurinn hittist með foreldrum, innan eða utan skóla.

Ýmsir viðburðir

Foreldrafélag skólans hefur alltaf stutt við félagslíf skólans. Félagið hefur staðið fyrir vorhátíð, fjáröflunarbíngí, jólabasar og vorferðum svo eitthvað sé nefnt.

Frístund

Síðdegisstarf er í boði fyrir börn eftir að skólatíma er lokið kl. 14:15 á kjörnum barnanna. Síðdegisstarfið er valkostur sem foreldrar/forráðamenn velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Börn fá nónhressingu í síðdegisstarfi og þeir sem óska eftir geta einnig fengið skólaakstur.

Síðdegisstarf er í boði alla skóladaga og á skipulagsdögum, í vetrarleyfi, jóla- og páskaleyfi er einnig opið. Í síðdegisstarfi er boðið upp á létt dagskrá og notalegheit. Börnum gefst einnig kostur á skólaakstri en Barnaskólinn hefur haldið úti skólaakstri frá upphafi skólastarfsins. Í morgnanna er ekið frá leikskólanum Ásum og síðdegis er annars vegar ekinn hringur um Garðbæ og hins vegar ekið í frístundir innan sveitarfélagsins.

Skólaárið 2015-2016 eru að jafnaði sex til átta leibeinendur í síðdegisstarfi grunnskólabarna en kjarnakennarar ásamt leiðbeinendum sinna síðdegisstarfi 5 ára barna, skólastjóri er yfir frístundastarfi skólans en Margrét Lilja Guðmundsdóttir er yfir daglegum rekstri frístundar.

Afmæli

Fjölskyldum stendur til boða að fá afnot af skólanum til að halda sameiginleg afmælisboð barna og hefur það gefist vel.

Vorverk

Við tökum svo til hendinni á vorin og höfum undan farin ár hreinsað til í landi Vífilsstaða þegar vorhreinsun bæjarins fer af stað. Við skólaslit er svo árlegur vorfagnaður foreldrafélagsins með grillveislu og gleði.

Foreldrar og fjölskyldur

Þegar kemur að fjölskyldum starfar Barnaskólinn eftir Meginreglu 1 Hjallastefnunnar. Öflugt foreldra- og fjölskyldusamstarf er fyrir hendi í Hjallastefnuskólum. Lögð er mikil áhersla á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimilis og skóla. Á hverju ári fer fram viðhorfakönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra til skólans og til að leita eftir tillögum þeirra til úrbóta.

Miðlun upplýsinga til foreldra

Það er virk upplýsingagjöf á milli foreldra og starfsfólk skólans og auðveldar boðleiðir. Í upphaf skólaárs eru námskynningar þar sem kynnt er fyrir foreldrum hvernig skóladeginum og kennslu er háttað. Kjarnakennarar senda föst dagspóst og vikuáætlun næstu viku þar sem farið er yfir vikuna og send eru námsmarkmið þegar við á. Á heimasíðu skólans koma fréttir og aðrar upplýsingar um skólastarfið. Á fjölskyldusíðu skólans eru kjarnaupplýsingar og foreldrar geta séð myndir af skólastarfinu. Barnaskólinn á fésbókarsíðu sem er beintengd við heimasíðu skólans og því færast sjálfkrafa fréttir frá skólanum á fésbókina sem flestir foreldrar eru tengdir við.

Foreldrasamstarf

Eins og segir í Meginreglu 1 Hjallastefnunnar er lögð mikil áhersla á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimils og skóla. Ef skólinn nýtur ekki trausts foreldra, munu kennarar aldrei ná að skapa nauðsynleg tengsl við barnið og þar af leiðandi fær barnið ekki það gæðastarf í skólanum sem það á skilið. Öflugt foreldra- og fjölskyldusamstarf er í Barnaskólanum. Þar ber að nefna fjölskyldumorgnar, fjölskylduviðtöl

og fjölskyldusíða á læstu heimasvæði. Kjarninn er samstarf heimilis og skóla um barnið sjálft, staða þess, þarfir, væntingar og geta.

Haustrundir

Um miðjan september er námskynning fyrir foreldra hjá hverjum kjarna. Þar eru kynntar helstu áherslur vetrarins og hvernig skóladeginum er háttað. Foreldrar taka þátt í námskynningunni ásamt börnum sínum með verkefnavinnu. Foreldrar velja tvo fulltrúa kjarnans í foreldraráð.

Fjölskylduviðtöl

Tvisvar yfir veturinn eru fjölskylduviðtöl á laugardögum. Þá fá foreldrar/forráðamenn ásamt barni sínu viðtalstíma við kjarnakennara. Einnig eru aðrir kennarar til viðtals í skólanum á þessum dögum. Fyrri fjölskylduviðtalið er í lok október og það seinna í byrjun mars.

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Foreldrafélag Barnaskólans er samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda.

Stjórnina skipa 12 fulltrúar foreldra valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Félagið skipuleggur m.a. jólabasar, bingókvöld, vorhátíð og fræðslufundi fyrir foreldra. Aðalfundur félagsins er haldinn í september ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins er að finna á:

<http://www.hjalli.is/barnaskolinn>

Skólaárið 2015-2016 skipa eftirtaldir stjórn foreldrafélagsins

Formaður og fulltrúi í skólaráði: Atli Freyr Guðmundsson

Varaformaður: Sveinn Hannesson

Gjaldkeri: Huguín Ósk Sævarsdóttir

Fulltrúi Grunnstoð Garðabæjar: Atli Freyr Guðmundsson

Fulltrúi í skólaráði og Grunnstoð Garðabæjar: Sveinn Hannesson

Skoðunarmenn reikninga: Huguín Harðardóttir

Ritari: Elfa Bára Bjarnadóttir

Meðstjórnendur: tveir foreldrafulltrúar hvers kjarna. Sjá frekar á heimasíðu skólans:

<http://www.hjalli.is/barnaskolinn>

Stoðþjónusta

Sérkennsla

Í grunnskólaögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers barns og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum börnum fyrir viðeigandi kennslu.

Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 40. gr. laga um grunnskóla er fyrir hendi fyrir börn, sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. lög um málefni fatlaðra. Við skólann starfar sérfræðiteymi undir stjórn sálfræðings skólans en það hefur á að skipa talmeinafræðingi, sérkennara, námsráðgjafa og stuðningsfulltrúa.

Í Barnaskólanum er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd barna
- að börn fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja börn í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best.

Fyrirkomulag sérkennslu

Sérkennsla í Barnaskólanum skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla barna með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluadstæðum. Kennsla nemenda fer ýmist fram innan hópsins þar sem aukakennari/sérkennari kemur inn eða í einstaklingsþjálfun í námsveri.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Nýbúafræðsla, ætluð börnum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis þegar við á.

Börn fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunar prófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu barna og meta þeir sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári.

Heilsugæsla og nemendavernd

Skólaheilsugæsla er fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og njótum við þjónustu Heilsugæslu Garðabæjar. Skólahjúkrunarfræðingur sinnir forvarnarvinnu með nemendum. Skólahjúkrunarfræðingur skólans er Áslaug Birna Ólafsdóttir og Bjarni Jónasson er læknir skólans. Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á í samræmi við bestu þekkingu.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnaskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða skólaliði veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 66/1995 er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjóri, hjúkrunarfræðingur skólans, sérkennslustjóri og sálfræðingur skólans. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðiþjónustu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við börn skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum barna og hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérkennslu í skólanum.

Reglulegir fundir eru haldnir 1x í mánuði, en oftast ef þurfa þykir vegna einstakra mála. Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi í nemendaverndarráði um sérstök málefni með því að fylla út beiðni. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um barn í umsjónarhópi sínum og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Námsráðgjöf

Skólasálfræðingur skólans sinnir námsráðgjöf.

Helstu verkefni hans eru:

- Veita börnum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.
- Leiðbeina börnum um vinnubrögð í námi.
- Veita börnum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.
- Taka þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum.
- Aðstoða börn við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum
- Sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við aðra starfsmenn skólans.
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.

Skólaálfræðingur mun vinna í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans, kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing og skólastjórnanda og vísar málum til þeirra eftir því sem við á. Námsráðgjafi hefur fastan viðtalstíma.

Hjallastefnan er búin að ráða til sín náms- og starfsráðgjafa og er í ferli hvernig hann mun skiptast niður á grunnskólana okkar.

Sálfræðipjónusta

Hlutverk skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi eða líðan nemanda. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna skólans vegna náms- eða tilfinningavanda nemanda en ekki meðferð þeirra.

Bæði starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar hans og skal það gert á sérstökum eyðublöðum.

Skólasálfræðingur, starfar í skólanum í hlutastarfi, tvo daga í viku. Hann situr í nemendaverndarráði skólans og hefur upplýsingaskyldu gagnvart því.

Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem framkvæmdar eru á fundi með umsjónarkennara og sérkennslustjóra skólans.

Talkennsla

Ekki er starfandi talmeinafræðingur við skólann en ráðgjöf og greiningu annast talmeinafræðingur utan skólans. Talmeinafræðingur veitir nemendum þjónustu í formi talkennslu og málörvunar. Einnig leggur hann fyrir málþroskapróf og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf. Talmeinafræðingurinn greinir málþroska leikskólabarna, veitir þeim talkennslu og málörvun og veitir skólanum upplýsingar þar að lútandi. Skólinn kalla talmeinafræðing til eftir beiðnum sérkennara og foreldra.

Hjallastefnan er í samstarfi við fyrirtæki sem heitir Trappa en þar hafa foreldrar leitað aðstoðar vegna talþjálfunar.

Túlkapjónusta

Öll túlkapjónusta er sótt til alþjóðahúss þegar á þarf að halda.

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er liður í lögbundu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Í lögum nr 91/2008 um grunnskóla, 10. kafla aðalnámskrár grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar frá 2014 er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrár. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Innra mat

Megin stoðir Sjálfsmatsáætlunar Barnaskólans og námsmats byggja annars vegar á námsmati skólans sem er í sífelldri þróun og hins vegar reglubundnum viðhorfakönnunum foreldra, barna og starfsmanna, samráði sjálfsmatshóps skólans sem og reglubundnum samráðsfundum alls starfsfólks þar sem farið er yfir starfshætti og fagstarf skólans hverju sinni. Mat foreldra og starfsmanna á skólastarfinu er víðtækt og nær til allra helstu þátta skólastarfsins.

Foreldrakannanir og starfsmannakannanir eru framkvæmdar einu sinn á skólaári og eru undir stjórn verkefnastjóra Hjallastefnunnar. Kannanirnar eru rafrænar. Helstu niðurstöður eru kynntar stjórnendum hverju sinni, starfsmannahópnum sem og skólaráði. Niðurstöður eru markvisst notaðar til að bæta um betur allt það sem betur má fara í starfi skólans. Hvort heldur sem um ræðir niðurstöður foreldra eða starfsmanna. Starfsfólk skólans kemur að innra mati, símenntun og skipulagi skólastarfs á einn eða annan hátt með skipulögðum samráðs- og örfundum. Starfsemi skólans er stöðugt í þróun og því er það m.a. hlutverk skólastjóra að stýra umræðu og ákvarðanatöku um alla þætti starfsins dags daglega. Símat skólans byggist á því að umræðan um það hvað sé að virka og hvað sé ekki að virka er lifandi og brugðist er hratt við ef á þarf að halda.

Námsmat Barnaskólans byggir annars vegar á hefðbundnum námsgreinum aðalnámskrár og hins vegar á öllum sex þáttum kynjanámskrárinnar. Leiðsagnarmat er sú námsmatsleið sem hefur verið innleitt í Barnaskólann.

Kynjanámskránni er markvisst fylgt eftir með sex lotum yfir skólaárið. Alls eru þetta 15 matsatriði, öll atriðin hafa jafn mikið vægi.

Almenn könnunarpóf eru lögð fyrir reglulega ásamt hefðbundnum hraðlestrarprófum sem eru tekin reglulega yfir skólaárið. Hluti af leiðsagnarmati.

Allt námsmat byggir að stórum hluta á símati kennara, sjálfsmati barna og jafningjamati.

Á heimasíðu skólans er að finna skýrslur skólans <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Ytra mat

Ytra mat er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Barnaskólinn var í úttekt hjá mennta- og menningarmálaráðuneytis haustið 2014 og má var gerð umbótaáætlun í framhaldi af því. Sjálfsmatsskýrslur og ársskýrslur eru á vef skólans sjá: <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Skólaþróun

Starfsfólk Barnaskólans leggur mikla áherslu á að þróa skólastarfið. Þróun fagstarfs skólans er umfangsmikil þó skólinn sé að byrja sitt tólfta starsár. Að mörgu er að hyggja við samþættingu almennrar kennslu 5-9 ára barna og hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Nýliðanámskeið, þ.e. fræðsla um Hjallastefnuna og kynjanámskrána, eru fyrir nýja kennara og kennarar geta sótt sér símenntun í samræmi við óskir sínar og þarfir skv. upplýsingum í skólanámskrá.

Símenntunaráætlun

Á hverju hausti fyrir skólabyrjun eru 3ja daga námskeið ætluð kennurum Barnaskólans á vegum Hjallastefnunnar. Þar er farið í megniþætti Hjallastefnunnar þ.e. kynjauppeldið og uppbótarvinnuna, ásamt því að boðið er upp á námskeið í kennsluháttum yngsta stigs með ólíkum áherslum frá ári til árs. Á sameiginlegum samráðsfundum sem og starfsdögum starfsfólks eru fengnir gestakennarar sem starfa innan fagsviðs yngsta stigs. Þetta skólaárið fáum við Kristínu Einarsdóttur til þess að kenna nám í gegnum hreyfingu „Leikur að læra“ en verkefnið verður eitt af þróunarverkefnum komandi skólaárs. Gerður Kristný rithöfundur mun halda pennanum á lofti og leiða níu ára nemendur og kennara áfram í skapandi skrifum og hugarflugi. Kynjamálin eru ofarlega á baugi og fáum við til okkar Svandísi Önnu kynjafræðing Hjallastefnunnar á undirbúningstímabilinu. Allir kennarar sækja svo námskeið hjá Kristínu Wallis í notkun Numicon með nemendum og Námskeið/fræðsla frá Brúarskóla um sértæk úrræði vegna hegðunarvandkvæða. Lestur til sjávar og sveita sækja kennarar en það er lestrarnámskeið með áherslu á Hljóðaaðferðina og Byrjendalæsi. Einar Ómarson verkefnastjóri hjá Hjallastefnunni sér um að fræða og kenna kennurum á spjaldtölvur og þróun þeirra. Önnur símenntun er á vegum kennaranna sjálfra og hafa kennarar tök á að sækja þau námskeið sem þeir kjósa allt árið um kring m.a. námskeið sem skipulögð eru af skólaskrifstofu Garðabæjar.

